

Skólaráðsfundur 22.febrúar 2024

Mætt: Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Jóhann Gunnar fulltrúi kennara, Hulda Hauksdóttir fulltrúi kennara, Særós Pálsdóttir fulltrúi starfsmanna, Stefan Hardonk formaður foreldrafélags Njarðvíkurskóla og fulltrúi foreldra, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir fulltrúi foreldra, Hámundur Örn framkvæmdastjóri UMFN fulltrúi grenndarsamfélag, Fjóla Osmani og Kristinn Einar Ingvason fulltrúar nemenda.

1. Ásgerður skólastjóri fór yfir skóladagatal næsta skólaárs. Kosið var um tvær tillögur innan starfsmannahópsins og var tillaga B samþykkt en þar eru fleiri starfsdagar að hausti en síðustu ár og þá færri að vori. Eftir útskýringar á skóladagatalinu þá bar Ásgerður skóladagatalið upp til samþykktar og undirrituðu allir fundarmenn blað með undirritun. Það blað verður sent til Menntasviðs. Ábending kom frá Hilmu Hólmfríði, fulltrúa foreldra, um að það sé umræða hjá foreldrum að samræma starfsdaga hverfisleikskóla við starfsdaga grunnskóla.
2. Ásgerður fór yfir skipulag næst skólaárs. Það er verið að senda út auglýsingar fyrir þær stöður sem eru lausar á næsta skólaári og er umsóknarfrestur til 13. mars nk. Auglýst verður eftir nemendaráðgjafa við skólann til að sinna nemendum með félagslegar og námslegar áskoranir. Einnig fór Ásgerður yfir að það er fjölgun í nemendahóp skólans, stór hópur er að koma inn í 1. bekk og í raun er húsnæðið of lítið miðað við fyrirhugaða fjölgun.
3. Ásgerður sagði frá því að fyrirhugað er að sækja um í endur og símenntunarsjóð styrk til að halda áfram innleiðingu á leiðsagnarnámi í skólanum auk þess sem verður sótt um fyrir ákveðin þróunarverkefni í Ösp.
4. Ásgerður fór yfir þau viðhaldsverkefni sem eru fyrirhuguð við skólann. Rætt um að vegna fjölgunar nemenda þá þarf að stækka skólann og mikilvægt að passa upp á að viðhald og framkvæmdir haldi áfram og að við drögumst ekki aftur úr öðrum skólum, bæði vegna fjölgunar nemenda sem og aðstöðu fyrir nemendur.
5. Auglýst var eftir nýjum skólastjóra fyrir næsta skólaár og rennur umsóknarfrestur úr 13. febrúar nk.
6. Önnur mál:
 - a. Stefan, fulltrúi foreldra, spurði um snjalltæki í skólastarfi. Hann spurði hvort skólinn væri að þróa stefnu varðandi eigin snjalltæki nemenda og um það hvort snjalltæki væru notuð í umbun hjá nemendum þegar þau eru búin með verkefni í kennslutímum. Ásgerður sagði frá þeirri könnun sem var lögð fyrir starfsmenn grunnskóla í Reykjanesbæ og einnig að það sé beðið eftir hvaða reglur Menntamálaráðherra komi fram með. Út frá þessu var rætt um aðstöðuleysi unglinga í skólanum og við það sé auðveldast að fara í símann ef það er lítið við um að vera.

Fundarritari: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri